



Fundargerð fræðslunefndar

Fundur var haldinn hjá Fræðslunefnd Skagastrandar þriðjudaginn 4. Október 2022 kl. 16:00 í Höfðaskóla.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína Laufey Jakobsdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Kolbrún Ágústa Guðnadóttir, Þórey Fjöla Aradóttir og Guðni Már Lýðsson

Fulltrúar Höfðaskóla: Guðrún Elsa Helgadóttir, Elva Þórisdóttir, Helena Mara Velemir

Fulltrúar leikskólans: Lilja Ingólfssdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson

Aðrir: Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri og Berglind Hlín Baldursdóttir, fræðslustjóri

Péturína L. Jakobsdóttir varaformaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Péturína lagði til breytingu á dagskrá, kosning ritara nefndarinnar verður fyrsti liður eftir breytingu.

1. Kosning ritara fræðslunefndar

Borin upp tillaga um að Hrefna D. Þorsteinsdóttir verði ritari nefndarinnar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

2. Grunnskóli

a. Skýrsla skólastjóra

Guðrún Elsa las skýrslu skólastjóra. Hún fór yfir starfsmannastöðuna í Höfðaskóla. Það er verið uppfæra kerfið sem er notað á skólabókasafninu og hafa það samskonar og kerfið sem er notað á Bókasafni Skagastrandar, Sandra Ómarsdóttir kom og setti það upp og ætlar að kenna starfsmönnum á það. Hún talaði um að hafragrauturinn á morgnanna er vel sóttur og almenn ánægja með hann. Góð skráning er í hádegismatinn, 63 af 66 nemendum skráðir. Valgreinadagar hjá Höfðaskóla, Grunnskólanum í Húnabyggð og Grunnskóla Húnaþings



Fræðslunefnd Sveitarfélagsins Skagastrandar

vestra voru haldnir á Hvammstanga í september og var mikil ánægja með þá. Stefnt er á að halda næsta valgreinadag hjá grunnskólunum þremur á Skagaströnd í apríl 2023. List og verkgreinavikur eru að ganga vel, núna er verið að læra um iðngreinar. Stefnt er á að fara með nemendur í lok nóvember í Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki til þess að kynnst starfinu í verknámsdeildunum þar.

b. Starfsáætlun 2022-2023

Starfsáætlun var kynnt og er hún með svipuðu sniði og síðustu ár. Starfsáætlunin var borin til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

3. Leikskóli

a. Skýrsla leikskólastjóra

Lilja Ingólfssdóttir las skýrslu leikskólastjóra upp á fundinum. Hún ræddi um starfsmannahald í leikskólanum. Starfsmönnum hefur fjölgað um þrjá til fjóra og upplýsti hún okkur einnig um að það væru tveir starfsmenn leikskólans í námi að læra leikskólakennarann. Rætt var um styttingu vinnuviku og að hún væri að skila því sem vonast var eftir. Talað var einnig um plássleysi í leikskólanum.

b. Fundargerð foreldraráðs 3. Okt. 2022.

Breyting var gerð á skóladagatali leikskólans Barnabóls fyrir árið 2022-2023. Starfsfólk leikskólans fór á skyndihjálparnámskeið fyrstu helgina í október og tekur það út sem skipulagsdag 2. janúar 2023.

Nýja dagatalið með þessum breytingum var samþykkt samhljóða.



Fræðslunefnd Sveitarfélagsins Skagastrandar

4. Önnur mál:

Rætt var um stöðu á Grænfánaverkefni Höfðaskóla.

Rætt var um fræðslustefnuna í samhengi við nýju farsældarlögin.

Almennar umræður urðu um hlutverk fræðslunefndar.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 17:20

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Hrefna Dögg. Þorsteinsdóttir

Jón Ólafur Sigurjónsson

Þórey Fjóla Aradóttir

Guðni Már Lýðsson

Kolbrún Ágústa Guðnadóttir

Guðrún Elsa Helgadóttir

Elva Þórisdóttir

Helena Mara Velemir

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir

Gunnar Þór Gunnarsson

Alexandra Jóhannesdóttir

Berglind Hlín Baldursdóttir